



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2007

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þskj. 46 - 46. mál.**

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þskj. 46 - 46. mál.

BSRB leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins. Undanfarin ár hefur ítrekað verið lagt fram á Alþingi frumvarp sama efnis og hefur BSRB sent inn umsögn sína. BSRB ítrekar þá umsögn en hún fylgir hér á eftir:

„BSRB lýsir eindreginni andstöðu við samþykkt frumvarpsins. Til stéttarfélaganna var stofnað til þess að bæta kjör launafólks og standa vörð um kjör og réttindi. Með lögum er tryggt að þeir kjarasamningar sem stéttarfélög gera mynda lágmarkskjör á viðkomandi sviði. Grundvöllur launakerfis þjóðfélagsins byggist því á starfsemi stéttarfélaganna. Almennt er það viðhorf ríkjandi í landinu að starf stéttarfélaganna hafi verið samfélaginu til góðs og fáir efast um að þau hafi tryggt launafólki bætt kjör og réttindi. Á vinnumarkaði hafa stéttarfélögin tryggt réttindi sem allir njóta góðs af bæði þeir sem standa innan og utan félaganna.

Það er fullkomlega eðlilegt að öllum þeim sem njóta ávinnings af starfi stéttarfélaganna sé gert að taka þátt í að standa straum af tilkostnaði við rekstur þeirra. Til eru þeir einstaklingar sem vilja njóta ávaxtanna án þess að axla félagslegar byrðar. Þetta vita andstæðingar stéttarfélaganna og vilja fjölga í þeim hópi. Í byrjun níunda áratugarins var róið að því öllum árum í Bretlandi að knésetja stéttarfélögin og virðist þetta frumvarp sverja sig í ætt við þær tilraunir.

Rétt er að vekja athygli á því að reynt hefur á það fyrir Félagsdómi hvort reglan í 2. mgr. 7. gr. laganna, um greiðsluskyldu til þess félags sem gerir kjarasamninginn sem greitt er eftir, sé andstæð félagafrelsisákvæði stjórnarskrár eða Mannréttinasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér á landi. Í máli nr. 4 frá 1998 var það samhljóða niðurstaða allra fimm dómenda Félagsdóms að greinin bryti hvorki gegn stjórnarskrá né mannréttinasáttmálanum.“

Fyrir hönd BSRB

*Helga Jónsdóttir*  
Helga Jónsdóttir